

Ókeypis Bowen meðferð í Vesturbæjarlaug í september.

Sumir einstaklingar eru stirðir, eða finnst erfitt og sársaukafullt að liggja lengi á nuddbekk, finnst jafnvel vont að liggja á bakinu eða maganum en langar samt í Bowen-tækni meðferð. Hér er í boði lausn á vandunum. Halla Himintungl, menntaður Bowen tæknifræðingur býður þremur sundlaugargestum fría kynningu á Bowen vatnsmeðferð á miðvikudögum 8., 15., 22. og 29 september á milli klukkan 17.30 – 18.30 í Vesturbæjarlaug. Meðferðin fer fram í barnalauginni. Tímapöntun hjá Höllu í síma 695-8283.

Bowen er tæknimeðferð mjúk og einföld hún leitast við að losa stíflur í orkubrautum líkamans, endurhlaða lífsorkuna (Chi) og aðstoðar líkamann við að komast í sitt eðlilega form. Meðferðin vinnur með bandvef og vöðva. Það fer af stað heilunarferli sem losar verki og endurnýjar orku líkamans. Áhrif meðferðinnar er djúp og slakandi fyrir líkama og sál.

Bowen virkar vel á fólk sem þjáist af bakverkjum, brjós-klosi, mígreni, hnémeiðslum, liðagigt, háls- og herðaverkjum, astma, kvíða, ofvirkni, þunglyndi og svefnleysi.

Bowen er góð meðferð fyrir barnshafandi konur sem eiga við grindargliðnun, bakverk, höfuðverk eða bjúg að glíma.

Tími í Bowen meðferð tekur um það bil 35-45 mín í hvert skipti. Tvær til þrjár meðferðir með viku millibili eru oftast nóg til að ná fram varanlegum bata við langvarandi verkjum, þó eru stundum fleiri meðferðir nauðsynlegar. Osteopatar, hnykkjarar og sjúkraþjálfar eru meðal þeirra starfstétta sem nota Bowen-tækni og eru sammála um stórkostlegan áhrifamátt þessarar mjúku og einföldu meðferðar. Sjá nánari upplýsingar um Bowen-tækni á heimasíðu Höllu: www.magicmoonhealer.com

Börn, unglíngar og fullorðnir eru velkomin í Bowen-tækni vatnsmeðferð.

